

Vertu ofur stafrænn borgari

Hvernig getum við verið verndarar þegar við verðum vitni að neteinelti?

Netverkfæri eru valdeflandi fyrir börn en þeim fylgir líka mikil ábyrgð. En vita börn alltaf hvað þau eiga að gera þegar þau upplifa neteinelti? Kynnið nemendum viðeigandi leiðir til að grípa til aðgerða og leysa ágreining.

Markmið:

- Að skoða einkenni sem gera fólk að heiðarlegum stafrænum borgurum.
- Að bera kennsl á neteinelti.
- Að sýna leiðir til að gerast verndari með því að gera myndasögu um ofurhetju stafræns borgara.

Lykilhugtök:

Stafrænn borgar • neteinelti • verndari

Kennsluáætlun 45 mínútur.

Upphitun: Ofurhetja í leyni

5 mínútur

1.

Spyrjið: Eigið þið uppáhalds ofurhetju? Hver er það og hvers vegna? Ef ekki, hvers vegna? Ræðið við bekkjarfélaga ykkar. (glæra 4)

Biðjið nemendur að deila svörum sínum með bekknum. Biðjið þau í framhaldinu að nefna þá ofurkrafta sem viðkomandi ofurhetja hefur. Bendið á að það sem allar ofurhetjur eiga sameiginlegt er að þau nota krafta sína til að hjálpa öðrum.

2.

Segið: Í dag ætlum við að tala um hvernig við getum öll verið ofurhetjur og hjálpað öðrum. Við ætlum að horfa á myndband um að vera ofur stafrænir borgarar. Á meðan við horfum skulum við hugsa um spurninguna: „Hvað gerir ofur stafrænn borgari?“

3.

Sýnið myndbandið **Super Digital Citizen** á glæru 5.

4.

Biðjið nemendur að deila vangaveltum sínum. Svör þeirra ættu að byggjast á því sem ofur stafræni borgarinn hjálpar Maga að gera:

- *Breytir lykilorðinu hans svo það sé öruggt.*
- *Ver spjaldtölvuna hans með hulstri og heldur á bakpokanum svo hún brotni ekki.*
- *Spyr Hjarta leyfis áður en hann deilir mynd af honum á netinu.*

5.

Spyrjið: Þið tókuð kannski eftir því að Magi varð líka ofurhetja. Hvernig fór hann að því?

Biðjið nemendur að deila svörum sínum. Útskýrið að Magi varð ofurhetja þegar hann hjálpaði sjálfum sér og öðrum að sýna ábyrgð á netinu. Útskýrið **stafrænn borgari**: Einhver sem notar tækni á ábyrgan hátt til að læra, skapa og taka þátt. (glæra 6)

Lærið: Að vera verndari

10 mínútur

1.

Segið: Eitt af því sem ofur-stafrænn borgari gæti orðið vitni að á netinu er neteinelti.

Neteinelti er það þegar einhver notar stafræn tæki, vefsíður og smáforrit til að hræða, meiða eða pirra einhvern annan. (glæra 7)

Útskýrið að neteinelti getur tekið á sig margar myndir, þar á meðal:

- Einhver gerir grín að eða leggur ítrekaða pressu á einhvern annan
- Athugasemdir, einkaskilaboð eða spjall
- Sá sem verður fyrir einelti þekkir ekki alla sem taka þátt í eineltinu (af því fólk getur falið auðkenni sín á netinu)
- Hópur fólks að ráðast á einhvern

2.

Spyrjið: EF þið sæjuð einhvern verða fyrir neteinelti, hvað gætuð þið gert til að stoppa það? Ræðið við bekkjarfélaga ykkar.

Biðjið nemendur að deila vangaveltum sínum með bekknum. Vekið athygli á þessum þremur atriðum:

- Verja eða styðja þann sem verður fyrir einelti
- Að segja fullorðnum sem við treystum
- Að ræða beint við þann sem leggur í einelti

3.

Útskýrið fyrir nemendum að með því að gera eitthvað af þessu verði þau verndarar. **Verndari** er persóna sem styður einhvern og tekur upp hans kann fyrir hann. (glæra 8)

4.

Dreifð ljósritinu *Hvað myndi ofur stafrænn borgari gera?* til nemenda og biðjið eitt þeirra að lesa fyrirælin í fyrsta hluta upphátt. Gefið nemendum fimm mínútur til þess að svara. (glæra 9)

Búið til: Stafræna ofurhetjan

15 mínútur

1.

Látið nemendur fá liti og segið: *Þið ætlið að búa til ykkar eigin stafrænu ofurhetju, sem mun hjálpa fólki eins og Maga til að verða ofur stafrænir borgarar.*

2.

Dreifð ljósritinu *Stafræna ofurhetjan* og lesið fyrirælin upphátt. (glæra 10)

3.

Gefið nemendum tíu mínútur til þess að vinna með ofurhetjurnar sínar. Ef tími gefst til geta nemendur sýnt bekknum ofurhetjurnar sínar. Einnig má hengja þær upp til sýnis.

Samantekt: Bjargið deginum! Myndasaga

15 mínútur

1.

Nemendur taka aftur fram ljósritið *Hvað myndi ofur stafrænn borgari gera?* og skoða verkefni 2. Eitt þeirra les fyrirælin upphátt fyrir bekkinn og nemendur búa til sína eigin myndasögu. (glæra 11)

Einnig má: Leyfa nemendum að nota stafræn myndasöguverkfæri.

Viðbótarverkefni

1.

Bætið við kennslustundina: Byrjið á þankahríð og í kjölfarið skrifa nemendur um hvað tilvitnunin „Miklum völdum fylgir mikil ábyrgð“ þýðir í stafrænum heimi. Hvernig er aðgangur að netinu „mikil völd“? Hvaða skyldur höfum við gagnvart okkur sjálfum og öðrum?